

Sb. 332. Tillaga til þingsályktunar [178. mál]

um endurskoðun laga nr. 80 11. júní 1938, um stéttarfélög og vinnudeilur.

Flm.: Matthías Á. Mathiesen, Pétur Sigurðsson, Guðlaugur Gíslason,
Jónas Pétursson, Gísli Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara endurskoðun á lögum nr. 80 11. júní 1938, um stéttarfélög og vinnudeilur.

Skal að því stefnt, að frumvarp að nýrri vinnulöggjöf verði lagt fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Greinargerð.

Í frjálsum nútímapjóðfélagi er löggjöfin um stéttarfélög og vinnudeilur einhver mikilvægasta löggjöfin, sem þjóðfélagsþegnarnir búa við.

Með löggjöf um þessi mál þarf að tryggja, svo sem kostur er, æskilega samstöðu og samstarf innan samtaka launþega og vinnuveitenda svo og skynsamlega meðferð deilumála þessara aðila. Að öðrum kosti er vá fyrir dyrum.

Gildandi lög um stéttarfélög og vinnudeilur eru nær aldarfjórðungs gömul. Frumvarp að þeim lögum var samið af hinni svokölluðu vinnulöggjafarnefnd. Var frumvarpið lagt fyrir Alþingi 1938 og samþykkt á því þingi. Eru lög in enn þá nær óbreytt. Aðeins tvær smávægilegar breytingar hafa verið á þeim gerðar.

Öllum, sem fylgt hafa með þróun þessara mála, er ljóst, að löggjöfin um stéttarfélög og vinnudeilur er að mörgu leyti orðin úrelt og í ýmsu ábótavant, og er endurskoðun löggjafarinnar því orðin aðkallandi.

Við öðru er ekki heldur að búast. Hér var um frumsmið að ræða, en nú, 24 ár um eftir gildistöku laganna, eru gerbreyttar aðstæður og viðhorf í þjóðfélaginu.

Semjendur frumvarpsins gerðu sér ljóst, að löggjöfina þyrfti að endurskoða, áður en langt um liði. Segir svo í álitni nefndarinnar m. a.:

„Engum mun þó ljósara en henni (þ. e. nefndinni), að ekki má við því búast, að hér sé um neina frambúðarlausn að ræða. Annars staðar hefur hin fyrsta löggjöf af þessu tagi yfirleitt þarfnast endurskoðunar, lagfæringar og viðbótar eftir skamm- an tíma, enda þótt lengur og við betri skilyrði hafi verið að henni unnið en hér hefur verið gert.“

Þegar svo er komið, að þýðingarmikil löggjöf fullnægir ekki lengur hlutverki sínu vegna breyttra aðstæðna, verður löggjafinn að endurbæta hana, til þess að hún nái tilætluðum árangri.

Með þessar staðreyndir í huga og að fenginni langri reynslu er ofangreind til- laga flutt til þess að freista þess, að með nýrri og bættri vinnulöggjöf megi m. a. firra launþega og vinnuveitendur og þjóðarbúið í heild því tjóni, sem þessir aðilar verða nú fyrir hvað eftir annað og virðist sumpart stafa af úreltri og ófullkominni löggjöf.

Flutningsmenn þessarar tillögu vilja benda á nokkur atriði, sem að þeirra dómi þarf m. a. að taka til athugunar við endurskoðun vinnulöggjafarinnar:

1. Leitast verði við að setja sanngjarnar reglur um heitingu verkfalls- og verk- bannsréttarins, sem miði að því að minnka það tjón, sem þjóðarbúið hefur einatt orðið fyrir og yfir því hefur vofað vegna deilna um kaup og kjör. Reglur þessar verði grundvallaðar á þeim skilningi, sem aðilar vinnumarkaðarins munu almennt viðurkenna, að verkfalls- og verkbanstrétturinn sé neyðarréttur og skuli aðeins beitt sem slíkum. Sýnist ekki óeðlilegt að tryggja, að þessum rétti verði beitt þannig, að fórn að sé minni hagsmunum fyrir aðra meiri, eins og gildir almennt um neyðarrétt.
2. Stefnt verði að því að setja fastar reglur um hagstofnun launþega og vinnu- veitenda. Skal stofnun þessi m. a. starfa fyrir aðila vinnumarkaðarins að hag- fræðilegum útreikningum og öflun annarra upplýsinga varðandi breytingar á lífskjörum atvinnustéttanna svo og breytingar á högum atvinnuveganna og þjóð- arþúskaðarins í heild. Slíkar upplýsingar um efnahagslegar staðreyndir ættu að auðvelda mjög alla samninga um kaup og kjör.
3. Settar verði reglur til að fyrirbyggja, að þjónusta við börn og sjúklinga verði hindruð með verkfalli eða verkbanni.
Ákveðin fyrirmæli verði sett til að koma í veg fyrir eyðileggingu þegar fram- leiddra vara eða framleiðslutækja af völdum verkfalla eða verkbanna.
4. Settar verði reglur, sem tryggi riflegan tíma milli kröfugerðar og verkfalls- eða verkbannsboðunar, svo að sáttaumleitarnir geti farið fram með nægilegum fyrirvara, áður en verkfall eða verkban skellur á.

5. Nánari reglur verði settar um boðun verkfalls eða verkbanns, þannig að tiltekinn hluta félagsmanna í viðkomandi starfs- eða atvinnugrein þyrfti, til þess að slík boðun sé lögmæt.
6. Nánari reglur verði settar um félög launþega og félagasambönd svo og félög og félagasambönd vinnuveitenda.

Þess verði gætt sérstaklega, að leikreglur lýðræðisins verði ekki fyrir borð bornar, og pólitísk misnotkun útilokuð.

Flutningsmönnum er að sjálfsögðu ljóst, að þau atriði, sem hér hefur verið bent á, eru aðeins nokkur af þeim fjölmörgu atriðum, sem til athugunar koma við heildarendurskoðun umræddrar löggjafar.

Eins og áður er fram tekið, er það álit allra aðila, sem á annað borð vilja hugsa raunhæft um þessi mál, að endurskoðun fyrrgreindrar löggjafar sé orðin mjög aðkallandi, og er tillaga þessi flutt til þess að hraða því máli svo sem verða má.